

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. maí 2022

Mál nr. E-5103/2021:

## **Rekstrarfélag Hafnartorgs**

*(Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson lögmaður)*

**gegn**

## **Brimborg ehf.**

*(Tómas Jónsson lögmaður)*

### **Dómur**

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl 2022, höfðaði Rekstrarfélag Hafnartorgs, [...], með stefnu birtri 29. október 2021 á hendur Brimborg ehf., [...], til heimtu leigu og innheimtukostnaðar vegna stæða í bílageymsluhúsi.
- 2 Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 52.449 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 2.840,00 frá 31.05.2019 til 03.06.2019, af kr. 9.047,00 frá 03.06.2019 til 04.06.2019, af kr. 11.140,00 frá 04.06.2019 til 11.06.2019, af kr. 13.468,00 frá 11.06.2019 til 13.06.2019, af kr. 16.633,00 frá 13.06.2019 til 16.06.2019, af kr. 18.601,00 frá 16.06.2019 til 17.06.2019, af kr. 20.934,00 frá 17.06.2019 til 23.06.2019, af kr. 22.897,00 frá 23.06.2019 til 30.06.2019, af kr. 25.308,00 frá 30.06.2019 til 23.07.2019, af kr. 27.280,00 frá 23.07.2019 til 24.07.2019, af kr. 36.609,00 frá 24.07.2019 til 28.07.2019, af kr. 38.810,00 frá 28.07.2019 til 27.08.2019, af kr. 40.927,00 frá 27.08.2019 til 29.08.2019, af kr. 43.487,00 frá 29.08.2019 til 07.09.2019, af kr. 47.728,00 frá 07.09.2019 til 12.09.2019, af kr. 49.996,00 frá 12.09.2019 til 18.09.2019, af kr. 52.449,00 frá 18.09.2019 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.
- 3 Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara verulegrar lækkunar. Í báðum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **Málsatvik**

- 4 Stefnandi rekur bílastæðahús við Hafnartorg í Reykjavík og sér um að innheimta leigu af þeim sem leggja bifreiðum sínum í bílastæðahúsinu. Grundvöllur innheimtunnar byggist á því að ljósmynd er tekin af bifreið (númeraplötum), sem ökumaður ekur inn í bílakjallarann, auk þess sem tími innaksturs í bílastæðahúsið er skráður í tölvukerfi stefnanda. Þegar ökumaður ekur bifreið sinni út úr kjallaranum er önnur ljósmynd tekin af bifreiðinni, auk þess sem tími útaksturs er skráður í tölvukerfi stefnanda.
- 5 Í kjölfar útaksturs hvernar bifreiðar kannar tölvukerfi stefnanda hvort ökumaður bifreiðarinnar hafi greitt leigugjald fyrir afnot bílastæðahússins í þar til gerðar greiðsluvélar, eða í gegnum smáforrit úr síma eða spjaldtölvu. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi reiknast leiga samkvæmt gjaldskrá, auk þess sem 1.800 króna innheimtukostnaður bætist við leigugjaldið vegna brota gegn skilmálum, sem gilda gagnvart þeim ökumönnum sem leggja bílum sínum í bílastæðahúsinu.
- 6 Gjaldskrá stefnanda og upplýsingar um innheimtukostnað gagnvart þeim sem aka burt úr bílastæðahúsinu, án þess að greiða tilskilið leigugjald, er kynnt á staðnum, en aðila málsins greinir á um það hvort það sé með nægilega áberandi hætti.
- 7 Stefndi rekur meðal annars bílaleigu í atvinnuskyni. Ökumenn sem leigja bifreiðar hjá stefnda hafa, að sögn stefnanda, meðal annars lagt þeim bifreiðum í bílastæðahúsinu við Hafnartorg. Margir þeirra hafi greitt skilvíslega fyrir notkun á staðunum, en sumir leigutakar bifreiða hjá stefnda hafi ekið í burtu án þess að greiða.
- 8 Á tímabilinu frá 31. maí 2019 til 18. september 2019 var eftirtöldum bifreiðum í eigu stefnda lagt í bílastæðahúsið, að sögn stefnda, án þess að greitt væri fyrir og stefnda sendir reikningar jafnóðum af þeim sökum:

Skrás. nr. bifr. / Reiknings nr.	Dags.	Gjalddagi	Upphæð
EAL84 / 297	31.05.2019	31.05.2019	2.840,00
EAL84 / 304	03.06.2019	03.06.2019	4.237,00
TRU94 / 305	03.06.2019	03.06.2019	1.970,00
EAL84 / 317	04.06.2019	04.06.2019	2.093,00
MON06 / 391	11.06.2019	11.06.2019	2.328,00
OOA51 / 423	13.06.2019	13.06.2019	3.165,00
TRU94 / 465	16.06.2019	16.06.2019	1.968,00

BKN74 / 482	17.06.2019	17.06.2019	2.333,00
BAM25 / 574	23.06.2019	23.06.2019	1.963,00
LST86 / 690	30.06.2019	30.06.2019	2.411,00
BAH63 / 1106	23.07.2019	23.07.2019	1.972,00
BOE33 / 1157	24.07.2019	24.07.2019	2.033,00
KZK45 / 1158	24.07.2019	24.07.2019	2.049,00
MSK96 / 1159	24.07.2019	24.07.2019	2.285,00
PYX74 / 1262	24.07.2019	24.07.2019	2.962,00
BDN03 / 1338	28.07.2019	28.07.2019	2.201,00
VTU14 / 1789	27.08.2019	27.08.2019	2.117,00
YYV13 / 1833	29.08.2019	29.08.2019	2.560,00
OAH03 / 1948	07.09.2019	07.09.2019	1.954,00
OAH03 / 1949	07.09.2019	07.09.2019	2.287,00
OAH03 / 2033	12.09.2019	12.09.2019	2.268,00
UTP19 / 2140	18.09.2019	18.09.2019	2.453,00

- 9 Stefndi andmælir því ekki að þessar bifreiðar séu í hans eigu en dregur í efa að þeim hafi verið lagt í stæði á vegum stefnanda.
- 10 Samkvæmt stefnanda nemur leigugjald vegna framangreinda bifreiða í eigu stefnda á umræddu tímabili samtals 52.449 krónum, sem er stefnufjárhæð þessa máls. Að sögn stefnda er stærsti hluti þessarar fjárhæðar innheimtukostnaður, eða 39.600 krónur, sem stefndi telur að sé óeðlilega hátt hlutfall af stefnufjárhæðinni.
- 11 Stefndi vakti athygli Neytendastofu o.fl. á viðskiptaháttum stefnanda, sem hann taldi andstæða lögum. Neytendastofa ákvað að lokinni skoðun málsins að aðhafast ekki að svo stöddu.

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 12 Stefnandi byggir mál sitt á því að samkvæmt 3. gr. leiguskiðmála stefnda, sem gilda gagnvart umráðamönnum leigubifreiða í eigu stefnda, skuli leigutaki við undirritun samnings annaðhvort framvísa gildu kreditkortu eða vera í viðskiptareikningi hjá stefnda. Í lokamálslið 3. gr. samningsskiðmálanna, sem leigutakar þurfi að undirgangast, segi að stefnda sé heimilt að taka sér einhliða greiðslu vegna ýmissa útgjalda sem stefndi kunni að verða fyrir og þ.á.m. ...*gjöld og sektir skv. 17. gr.* Í 17. gr. samningsskiðmálanna segi að leigutaki sé ábyrgur fyrir öllum ...*stöðusektum*,

*stöðugjöldum, sektum fyrir umferðarbrot, veggjöldum (þ.á.m. akstur í gegn um göng) eða öðrum sambærilegum sektum og gjöldum. Leigutaki skal greiða öll gjöld og sektir ásamt umsýslugjaldi samkvæmt gjaldskrá eiganda. Þá segi í 48. gr. skilmála stefnda að stefndi megi taka sér slíkar greiðslur þegar honum henti í allt að sex mánuði eftir að leigðu ökutæki hafi verið skilað til stefnda.*

- 13 Stefndandi byggir á því að ökumaður, sem leggur bifreið sinni í bílageymslu stefnanda, fellir á sig greiðsluskyldu í verki gagnvart stefnanda. Engum sem aki bifreið sinni í bílageymsluna geti dulist að hann sé kominn á gjaldskilyt svæði. Gjaldskrá stefnanda sé áberandi og merkingar sem vísa ökumönnum á greiðsluúræði sömuleiðis. Ákvörðun ökumanns um að leggja bíl sínum í bílageymslu stefnanda hafi þær fyrirfram ákveðnu réttarverkanir að greiðsluskylda stofnist. Aki ökumaður burt án greiðslu falli á hann 1.800 króna viðbótargjald samkvæmt gjaldskrá stefnanda, sem í gildi var þegar atvik þessa máls áttu sér stað.
- 14 Á því er byggt að í íslenskum rétti gildi sú regla að menn geti í verki fellt á sig kröfuréttarlegar skyldur og að slík réttaratvik eigi sér stað svo tugþúsundum skipti daglega, t.d. þegar stigið sé upp í strætó (viðkomandi fellir á sig skyldu til greiðslu fargjalds) eða þegar vara er skönnuð í sjálfsafgreiðslukassa í verslun (viðkomandi fellir á sig skyldu til að greiða fyrir vöruna).
- 15 Á því er byggt að umráðamenn leigubifreiða í eigu stefnda hafi heimildarumboð samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga til að skuldbinda stefnda til greiðslu stöðugjalda, sem grundvallist á samningi stefnda við hvern leigutaka. Heimildarumboð þetta leiði af 3. gr. samningsskilmálanna um heimild stefnda til að taka greiðslur af greiðslukorti umráðamanns fyrir stöðugjöldum eða ... *öðrum sambærilegum sektum og gjöldum* eins og tilgreint sé í 17. gr. samningsskilmála stefnda.
- 16 Byggir stefndandi á því að í skilmálum stefnda felist að umráðamanni bifreiðar í eigu stefnda sé heimilt að leggja bifreiðinni á gjaldskilyt svæði og kjósi umráðamaðurinn að greiða ekki gjaldið á staðnum þá muni stefndi greiða það fyrir hann gegn umsýslugjaldi samkvæmt gjaldskrá stefnda. Heimildarumboð sem stefndi veiti umráðamönnum leigubifreiða sinna samkvæmt leiguskilmálunum verði ekki túlkað svo þröngt að það taki ekki til bílageymslu stefnanda, heldur sé það þvert á móti afar víðtækt, samanber orðalagið *öðrum sambærilegum sektum og gjöldum*. Þegar heimild leigutaka til umráða bifreiðar og athafna innan ramma leiguskilmálanna falli

niður, í lok leiguleigutíma, falli heimildarumboð leigutakans jafnframt niður.

- 17 Á því er byggt að ekki þurfi sérstakra vangaveltna við um það hvort umráðamaður bifreiðar komi fram í eigin nafni eða í nafni stefnda, þegar hann í verki felli greiðsluskyldu á stefnda í krafti heimildarumboðs, sem grundvallað sé á samningsskilmálum stefnda og hafi fyrirfram ákveðnar réttarafleiðingar. Af meginreglum laga leiði að jafnvel þótt umráðamaður bifreiðar yrði talinn koma fram í eigin nafni þá séu atvik með þeim hætti að stefndi verði skuldbundinn af verknaði umráðamannsins, á grundvelli þeirra heimilda sem stefndi veitti umráðamanninum, til að skuldbinda stefnda til greiðslu stöðugjalda og annarra sambærilegra sekta og gjalda. Hugtaksskilyrði sé að sá sem þannig komi fram verði sjálfur bundinn, og það sé uppfyllt hér.
- 18 Verði ekki talið að stefndi hafi veitt umráðamönnum bifreiða í hans eigu heimildarumboð samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eða sérstaka heimild til að skuldbinda sig samkvæmt meginreglum laga, byggir stefnandi á því að stefndi hafi fellt á sig greiðsluskyldu stöðugjaldanna með því að neita, án réttmætrar ástæðu, að veita stefnanda persónugreinanlegar upplýsingar um umráðamenn bifreiða í eigu stefnda, sem lagt höfðu bifreið í bílastæðahúsi stefnanda án greiðslu tilskilinnar leigu.
- 19 Vísar stefnandi til þess að stefndi hafi einn upplýsingar um viðskiptamenn sína og ekkert sé því í vegi að hann upplýsi stefnanda um hver það hafi verið sem lagði bifreið í eigu stefnda í bílageymslu stefnanda og svo ekið á brott án greiðslu. Á því er byggt að háttsemi hins brotlega viðsemjanda stefnda njóti ekki lögverndar og synjun stefnda við því að afhenda umbeðnar upplýsingar sé af þeim sökum einkaréttarleg hylming yfir réttarbrotum viðkomandi umráðamanns gagnvart stefnanda.
- 20 Þá byggir stefnandi á því að stefnda sé heimilt að miðla persónuupplýsingum um brotlega umráðamenn bifreiða til stefnanda, sem hafi lögvarinna hagsmuna að gæta samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Á því er byggt að meti stefndi hagsmuni eigin viðskiptavina sem brjóti gegn löglegum skilmálum, sem gildi í bílageymslu stefnanda, frammar rétti stefnanda til lögvarinnar greiðslu úr þeirra hendi beri stefnda sjálfum að greiða stöðvunarbrotagjaldið til stefnanda í þeirra stað. Í þessu sambandi skipti verulegu máli að stefndi einn geti upplýst um hver ökumaðurinn hafi verið og að sú upplýsingagjöf geti ekki talist vera sérstaklega íþyngjandi fyrir hann.

- 21 Stefnandi byggir að lokum á því að samningsskilmálar stefnda séu með þeim hætti að þeir veiki þá tiltrú hjá leigutökum að stefndi muni greiða áfallin stöðvunargjöld og endurkrefja viðkomandi viðskiptamann síðar með umsömdu þjónustugjaldi. Samningsskilmálar stefnda virki af þeim sökum hvetjandi fyrir leigutaka til að aka á brott úr bílastæðahúsinu án þess að greiða, hvort sem það er vegna skorts á greiðslumiðli eða viðkomandi vilji einfaldlega nýta sér þá umsömdu þjónustu stefnda að hann hafi milligöngu um greiðslu til eiganda bílastæðisins gegn viðbótargjaldi samkvæmt gjaldskrá stefnda. Hver sem ástæðan kunni að vera fyrir því að leigutaki aki á brott án greiðslu þá beri stefndi ábyrgð á afleiðingum þeirrar háttsemi, sem beinlínis leiði af samningsskilmálum stefnda, þess efnis að hann taki að sér að greiða réttilega álögð stöðvunargjöld til eiganda bílastæða og að endurkrefja leigutaka innan sex mánaða frá því að umráðamaður bifreiðarinnar skilaði henni til stefnda.

### **Helstu málsástæður stefnda**

- 22 Stefndi hafnar því sem ósönnuðu að viðskiptavinir hans hafi notað bílakjallara stefnanda í þeim tilvikum sem lýst er í stefnu. Þegar af þeirri ástæðu geti engin krafa stofnast á hendur stefnda. Því er einnig hafnað að greiðsluskylda stefnda hafi stofnast með þeim hætti sem lýst er í stefnu. Viðskiptavinir stefnda hafi ekki haft umboð til að skuldbinda stefnda á nokkurn hátt og ekkert í leiguskilmálum stefnda gefi tilefni til þess. Vangaveltum stefnanda um svonefnt heimildarumboð er mótmælt sem þýðingarlausum og því hafnað að viðskiptavinir stefnda geti *kosið að stofna til greiðsluskyldu* hans.
- 23 Stefndi vísar til þess að samningsskilmálar hans gildi einungis á milli stefnda og viðskiptavina hans og þeim sé ekki beint að utanaðkomandi aðilum, þriðju aðilum eins og stefnanda. Samningsskilmálar stefnda uppfylli engin skilyrði þess að vera svonefndir þriðjamannslöggerningar, sem utanaðkomandi aðilar geti byggt rétt á. Í þeim sé hvergi mælt fyrir um beinan og sjálfstæðan rétt þriðja manns til að krefjast efnda eða yfirlýsingar stefnda um að hann taki á sig greiðsluskyldu. Samkvæmt dómafordæmum sé gerð krafa um að slík yfirlýsing sé skýr, til þess að skapa rétt til efnda, sbr. Hrd. nr. 490/2013 og Hrd. nr. 526/2008. Það hafi ekki heldur verið markmið samningsskilmálanna að stefnandi fengi greiðslu, eins og ráðið hafi ferðinni í Hrd. nr. 230/2017. Hvergi í skilmálunum sé í raun minnst á hagsmuni þriðja manns.
- 24 Stefndi vísar til þess að skuldfærsluheimildir í skilmálum hans, sbr. 3. og 17. gr., séu hugsaðar til þess að hann geti brugðist við þeirri stöðu að greiðsluskylda stofnist á

hendur honum á grundvelli settra laga eða sérstakra samninga. Hvorugt eigi við um tilvik þessa máls. Sem dæmi er það nefnt að greiðsluskylda falli á eigendur ökutækja á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar samkvæmt 110. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 vegna stöðvunarbrota, svo og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 97/2010 um stofnun hlutafélaga um vegaframkvæmdir, sem hafi verið nýtt vegna veggjalds um Vaðlaheiðargöng. Eina dæmið þar sem stefndi hafi samþykkt að taka á sig greiðsluskyldu vegna viðskiptavina sinna með samningum sé samstarf sem Samtök ferðaþjónustunnar hafi stofnað til við Þingvalla- og Vatnajökulsþjóðgarða.

- 25 Stefndi vísar einnig til þess að jafnvel þó að skuldfærsluheimildir séu fyrir hendi í viðskiptaskilmálum þá geti viðkomandi viðskiptavinir afturkallað slíkar heimildir nánast fyrirvaralaust. Við slíkar aðstæður standi greiðslukortafyrirtæki jafnan vörð um hagsmuni neytenda og hafni skuldfærslum.
- 26 Málsástæðu stefnanda um að samningsskilmálar veiti viðskiptavinum hans þá tiltrú að þeir geti skuldbundið stefnda, og jafnvel hvetji þá til þess, og að greiðsluskuldbinding stefnda geti stofnast á þeim grundvelli, er hafnað sem fráleitri.
- 27 Þá er því einnig hafnað að greiðsluskuldbinding stefnda geti stofnast vegna neitunar stefnda um að gefa upp hverjir viðskiptavinir hans eru. Skilmálar stefnda gagnvart viðskiptavinum sínum veiti stefnanda ekki nokkurn rétt í þessu sambandi og fyrirvari í samningsskilmálum hafi aðeins gildi á milli stefnda og viðkomandi viðskiptavinar og geti ekki verið grundvöllur undir miðlun persónuupplýsinga viðskiptavina til óviðkomandi þriðja aðila.
- 28 Stefndi vísar til þess að samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé það ábyrgðaraðili sem ákveði einn eða í samvinnu við aðra ábyrgðaraðila tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Að því er varði meðferð á persónuupplýsingum um viðskiptavini stefnda, þá hvíli það aðeins á honum að ákveða tilgang og aðferðir við vinnslu slíkra upplýsinga. Það sé því hvorki í höndum stefnanda né nokkurs annars að taka ákvarðanir um vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavini stefnda að þessu leyti.
- 29 Stefndi kveðst bera ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil að lögum. Það sé hlutverk ábyrgðaraðila sjálfra að meta hvort vinnsla persónuupplýsinga fari fram. Stefndi hafi ekki tekið neina ákvörðun um að miðla persónuupplýsingum um viðskiptavini sína til stefnanda eða annarra. Því komi ekki til skoðunar af hálfu

stefnda hvort og þá hvaða heimildir laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga kunni að standa til slíkrar miðlunar.

- 30 Að mati stefnda blasir við að hagsmunir, grundvallarréttindi og frelsi viðskiptavina stefnda vegi þyngra en meintir hagsmunir stefnanda af því að fá umræddar persónuupplýsingar. Ákvæði 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 geti þar af leiðandi ekki verið grundvöllur fyrir miðlun persónuupplýsinga um viðskiptavini stefnda til óviðkomandi þriðja aðila, eins og stefnandi haldi fram. Að sama skapi er því mótmælt að stefndi þurfi að gefa stefnanda einhverja *réttmæta ástæðu* fyrir því að hafna því að miðla umræddum persónuupplýsingum um viðskiptavini sína ellegar að í því felist hylming yfir réttarbroti.

### **Niðurstaða**

- 31 Ágreiningur aðila lýtur sem fyrir segir að því hvort stefndi beri greiðsluskyldu vegna þess að bifreiðum í hans eigu, sem hann hafði leigt þriðja aðila samkvæmt tímabundnum leigusamningi, var lagt í stæði á vegum stefnanda, en ekið á brott án þess að greitt væri fyrir þau afnot.
- 32 Stefndi hefur meðal annars hafnað greiðsluskyldu á þeirri forsendu að hann, sem eigandi bifreiðanna, hafi ekkert haft um það að segja hvað ökumenn bifreiðanna hafi gert á leigutímanum. Hann beri ekki sem eigandi bifreiðanna hlutlæga ábyrgð á gerðum leigutakanna og af þeim sökum verði stefnandi að rukka ökumann hvernar bifreiðar fyrir sig en ekki stefnda.
- 33 Stefndi hefur sömuleiðis neitað að upplýsa stefnanda um hver hafi verið ökumaður eða umráðamaður hlutaðeigandi bifreiðar þegar bifreið í eigu stefnda var lagt í bílageymsluna við Hafnartorg. Hefur stefndi meðal annars borið fyrir sig friðhelgi einkalífs leigutaka sinna og fyrirmæli laga um persónuvernd, sem hann segir standa því í vegi að hann veiti stefnanda umbeðnar upplýsingar um þá aðila sem hann leigði bifreiðir sínar. Þá geti stefnandi ekki krafist upplýsinga sem safnað sé á grundvelli samninga stefnda við viðskiptamenn sína.
- 34 Stefndi hefur vísað til þess að ósannað sé að bifreiðum í hans eigu hafi verið lagt í stæði á vegum stefnanda, eins og fullyrt sé í stefnu. Um það er það að segja, að stefnandi hefur lagt fram ljósmyndir af númeraplötum bifreiða, sem stefndi hefur gengist við að vera eigandi að. Í ljósi þess verður að mati dómsins að leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að bifreiðum í eigu stefnda hafi verið lagt í stæði á

- vegum stefnanda, en ekið á brott án þess að gjöld væru greidd vegna afnota af stæði í bílageymslu stefnanda, eins og hann byggir á. Þá verður jafnframt að leggja til grundvallar að ökumenn og umráðamenn þeirra bifreiða hafi verið leigutakar hjá stefnda.
- 35 Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að leigutakar stefnda hafi haft svonefnt heimildarumboð samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, það er umboð til að skuldbinda stefnda til greiðslu stöðugjalda, sem grundvallist á samningi stefnda við hvern leigutaka, nánar tiltekið á 3., 17. og 48. gr. skilmálanna. Byggir stefnandi á því að í greindum ákvæðum skilmála stefnda felist að umráðamanni bifreiðar í eigu stefnda sé heimilt að leggja bifreiðinni á gjaldskylt svæði, svo og að kjósi umráðamaðurinn að greiða ekki gjaldið á staðnum þá muni stefndi greiða það fyrir hann gegn umsýslugjaldi samkvæmt gjaldskrá stefnda.
- 36 Stefndi gerir sem fyrr segir leigusamning við þá er leigja bifreiðar hjá honum, sbr. 3. tölulið 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja og 9. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Grundvallast réttarsamband stefnda og leigutaka bifreiðar á þeim samningi, svo og á ákvæðum nefndra laga og reglugerðar, auk annarra laga sem við geta átt.
- 37 Samkvæmt 3. gr. skilmála stefnda vegna leigusamnings um ökutæki í skammtímaleigu skal leigutaki annaðhvort framvísa gildu kreditkorti eða vera með viðskiptareikning hjá stefnda. Samkvæmt 17. gr. skilmálanna er leigutaki ábyrgur fyrir öllum stöðusektum, stöðugjöldum, sektum fyrir umferðarbrot, veggjöldum eða öðrum sambærilegum sektum og gjöldum. Skal leigutaki greiða öll gjöld og sektir ásamt umsýslugjaldi samkvæmt gjaldskrá stefnda. Samkvæmt 48. gr. skilmálanna á eigandi rétt á að færa leigugjaldið og annað sem leigutaki á að greiða samkvæmt leigusamningnum á kreditkort hlutaðeigandi leigutaka eða á viðskiptareikning hans hjá stefnda.
- 38 Samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936 er heimildarumboð skilgreint sem umboð sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmannsins. Ómögulegt er að mati dómsins að draga þá ályktun af framangreindum samningsskilmálum stefnda við viðskiptamenn sína að þau feli í sér yfirlýsingu umbjóðanda, hér stefnda, til umboðsmanns, hér leigutaka bifreiðar stefnda, um að leigutakinn hafi heimild til að skuldbinda stefnda til greiðslu stöðugjalda hjá stefnanda.

- 39 Þvert á móti þá fela umrædd samningsákvæði í viðskiptaskilmálum stefnda í sér áréttingu á því að það sé leigutaki sem beri ábyrgð á þeim gjöldum sem þar eru talin upp, en ekki stefndi. Miða samningsákvæðin sömuleiðis að því að stefndi geti endurheimt þann kostnað sem hann kynni að verða fyrir vegna þessara gjalda og þannig haldið sjálfum sér skaðlausum vegna gjalda sem leigutaki ætti að greiða. Ekki er hins vegar hægt að álykta sem svo að umrædd ákvæði skilmálanna veiti leigutaka bifreiðar heimild eða val um það að skuldbinda stefnda gagnvart stefnanda með því að leggja í stæði á vegum stefnanda og aka á brott.
- 40 Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að stefndi sé greiðsluskyldur vegna þeirra gjalda sem mál þetta varðar á grundvelli heimildarumboðs samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936. Þá verður ekki heldur séð að stefndi geti orðið bundinn af því þótt ökumaður bifreiðar í eigu stefnda verði bundinn til greiðslu stöðugjalds hjá stefnanda á grundvelli „löggeringsígildis“ (l. Quasi contractum). Óháð því hvort slíkur gjörningur kunni að stofnast á milli ökumanns og stefnanda, þá getur hann að mati dómsins aldrei bundið stefnda, nema meira komi til.
- 41 Ekki verður heldur séð að greiðsluskylda stefnda geti með einhverjum hætti byggst á meginreglum laga, sbr. þá málsástæðu stefnanda að af meginreglum laga leiði að jafnvel þótt umráðamaður bifreiðar yrði talinn koma fram í eigin nafni þá séu atvik með þeim hætti að stefndi verði skuldbundinn af verknaði umráðamannsins, á grundvelli þeirra heimilda sem stefndi veitti umráðamanninum, til að skuldbinda stefnda til greiðslu stöðugjalda og annarra sambærilegra sekta og gjalda.
- 42 Ekki er hægt að fallast á þennan skilning stefnanda, enda verður ekki séð út frá gögnum málsins að stefndi hafi veitt leigutaka bifreiða í hans eigu nokkurs konar heimild eða umboð til að skuldbinda stefnda, hvorki til greiðslu stöðugjalda né til annarra sambærilegra sekta og gjalda. Þannig verður ekki séð að stefndi geti verið skuldbundinn af greiðslu umræddra stöðugjalda, sem með réttu tilheyra leigutökum bifreiða í hans eigu, á grundvelli meginreglna laga.
- 43 Þá verður ekki séð að stefndi hafi fellt á sig greiðsluskyldu stöðugjaldanna með því að neita, án réttmætrar ástæðu, að veita stefnanda persónugreinanlegar upplýsingar um umráðamenn bifreiða í eigu stefnda, sem lagt höfðu bifreið í bílastæðahúsi stefnanda án greiðslu tilskilinnar leigu.
- 44 Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er vinnsla persónuupplýsinga því aðeins heimil að einhver þeirra

- sex þátta sem taldir eru upp í ákvæðinu sé fyrir hendi eftir því sem nánar er lýst í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og fleira.
- 45 Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 9. gr. laganna getur vinnsla persónuupplýsinga byggst á samþykki hins skráða, hafi hann gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða. Samkvæmt 2. tölulið sömu greinar er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður.
- 46 Vinnsla persónuupplýsinga er skilgreind nánar í 4. tölulið 3. gr. laga nr. 90/2018, en vinnsla persónuupplýsinga tekur meðal annars til söfnunar, skráningar, flokkunar, varðveislu, skoðunar, notkunar, miðlunar með framsendingu, dreifingar eða annarra aðferða til að gera upplýsingar tiltækar o.s.frv.
- 47 Samkvæmt 36. gr. skilmála leigusamnings um ökutæki í skammtímaleigu, sem er hluti af kafla skilmálanna sem ber yfirskriftina *Gagnavinnsla*, samþykkir leigutaki gagnavinnslu stefnda í tengslum við leigusamninginn. Er það gert með því skilyrði að stefndi haldi trúnað um gagnavinnsluna. Af 30. gr. skilmálanna má svo ráða að meðal þeirra upplýsinga sem stefndi er bundinn trúnaði um, sbr. 36. gr. skilmálanna, eru upplýsingar um nafn leigutaka, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, tölvupóstfang og númer ökuskráteinis. Sama máli gegnir varðandi kreditkortaupplýsingar, sbr. 31. gr. skilmálanna.
- 48 Að framangreindu virtu verður ekki séð að stefnda sé heimilt, án samþykkis hlutaðeigandi viðskiptamanns hverju sinni eða með skýrri lagaheimild, sem ekki verður séð að sé fyrir hendi í því tilviki sem hér um ræðir, að miðla upplýsingum um viðskiptavini sína með framsendingu til stefnda. Þá er ekki hægt að fallast á að um einkaréttarlega hylmingu yfir réttarbrotum viðkomandi umráðamanns sé að ræða þótt stefndi framsendi ekki persónuupplýsingar um viðkomandi til stefnda af þeim ástæðum sem að framan voru raktar, sem telja verður réttmætar, enda hvoru tveggja byggðar á lögum og samningi við viðkomandi viðskiptamann.
- 49 Enn síður verður séð að sú staðreynd að stefnda sé óheimilt og ófært að framsenda persónuupplýsingar um viðskiptavini sína til stefnda geti leitt til þess að stefndi verði sjálfur greiðsluskyldur vegna kostnaðar sem leiðir af því að ökutæki í eigu stefnda en

- í umráðum viðskiptavinar hjá stefnanda var lagt í stæði á vegum stefnanda. Engu breytir í því samhengi hvort það væri íþyngjandi fyrir stefnda að veita upplýsingar um leigutaka bifreiðar sinnar eða ekki, þar sem slíkt færi gegn skilmálum stefnda og ákvæðum laga, sbr. það sem að framan segir.
- 50 Á sama hátt verður ekki séð að skilmálar sem gilda í bílageymslu stefnanda eða réttur stefnanda til endurgjalds vegna notkunar á stæði í bílageymslu á hans vegum geti gengið framár rétti viðskiptavinar stefnda til friðhelgi og persónuverndar, jafnvel þótt viðkomandi hafi látið hjá líða að greiða stöðugjald vegna notkunar sinnar á stæði í bílageymslu stefnanda, sbr. til hliðsjónar 6. tölulið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.
- 51 Ekki er heldur hægt að fallast á það með stefnanda að samningsskilmálar stefnda séu með þeim hætti að þeir veki þá tiltrú hjá leigutökum að stefndi muni greiða áfallin stöðvunargjöld og endurkrefja viðkomandi viðskiptamann síðar með umsömdu þjónustugjaldi, eða að samningsskilmálarnir virki hvetjandi fyrir leigutaka til að aka á brott úr bílastæðahúsinu án þess að greiða. Vísast í því sambandi til þess sem að framan segir um samningsskilmála stefnda. Greiðsluskylda stefnda verður þar af leiðandi ekki byggð á þessari málsástæðu stefnanda.
- 52 Aðstæður í máli þessu eru aðrar en þær sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 110. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem aðilar eru sammála um að eigi ekki við í málinu. Engu að síður má draga þá almennu ályktun af umræddu ákvæði, að eigendur ökutækja verði ekki sjálfkrafa skuldbundnir vegna kostnaðar sem hlýst af eða í tengslum við notkun þeirra, þ.m.t. vegna þess að ökutækjum sé lagt á gjaldskyldum svæðum eða reitum, nema lög mæli fyrir um slíkt eða skýr samningur liggi því til grundvallar, sem ekki er hér.
- 53 Að öllu framangreindu virtu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Þá þykir jafnframt rétt, að teknu tilliti til umfangs málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að stefnandi greiði stefnda 750.000 krónur í málskostnað.
- 54 Af hálfu stefnanda flutti málið Sigurbjörn Þorbergsson lögmaður.
- 55 Af hálfu stefnda flutti málið Tómas Jónsson lögmaður.
- 56 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, Brimborg ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Rekstrarfélags Hafnartorgs, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 750.000 krónur í málskostnað.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson